


# Grunnmynd 1:100

## MATSHLUTAR

Nýr matshluti

| | |
|---|---|
| 19 Samkomustaður skv. uppmælingu | 352,9 m² |

Eftirfarandi matshlutar falla niður:

| | |
|---|---|
| 05 Geymsla (fjós) | 75,3 m² |
| 07 Geymsla (hesthús) | 43,2 m² |
| 08 Hlaða | 76,1 m² |
| 09 Votheysturn | 19,6 m² |
| 10 Véla/verkfærageymsla | 57,3 m² |
| 12 Haughús | 34,7 m² |
| Summa | 306,2 m² |

## BRUNAVARNIR

Lausnir skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með rökstuddum frávikum. Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu. Um er að ræða viðburðarými í gömlum útihúsum.

Flokkun og notkun byggingar:
Byggingin verður í notkunarflokki 2, skv. byggingarreglugerð.

Brunahólfun
Húsið er eitt brunahólf, um 353 m² að stærð.
Frávik og rökstuðningur. Eldhús er í sama brunahólfi og rýmið allt, enda er það einungis framleiðslueldhús, en þar fer ekki fram nein eldun, bara upphitun mats.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er talin vera a.m.k. R60.
Brunamótstaða burðarvirkis þaka er talin vera a.m.k. R60.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Frávik og rökstuðningur. Veggir viðbyggingar, samkomusals verða klæddir 12 mm spónaplötum, sem telst ásættanlegt m.t.t. umfangs. Eldri veggklæðningar steyptra veggja, verða fjarlægðar, því verður yfirborð veggja almennt innanhúss, hrár steypuflötur, klæðning í flokki 1.
Utanhússklæðningar eru í flokki 2.

Neðan á burðarvirki og rakasperru þakklæðningar í samkomusal og anddyri kemur rafmagnsgrindarefni 35x45 mm. Á þá grind kemur eldþolinn dúkur, Delta Fassade B, þ.e. illbrennanlegur skv. staðli ÍST EN 13501–1.
Á dúkinn kemur bandsagað efni 21x120, með 25 mm loftunarbili milli borða í klæðningu.

Þar sem ekki er sofið í húsinu, viðvörunarkerfi er staðsett í því og útgöngur greiðfærar sem og eldsmatur í lágmarki, er gefið leyfi af hálfu Eldvarnareftirlits Brunavarna Árnessýslu fyrir klæðningunni.
Ef breyting verður á fyrirhugaðri starfssemi, t.d. breyttur rekstur eða aukning á brunaálagi, skal endurskoða gerð klæðningar í rýminu.

Reykskynjarar og handslökkvitæki
Reykskynjarar og handslökkvitæki eru víða í húsinu og skal leita ráðgjafar hjá Brunavörnum með staðsetningu fyrir þá.

Brunaviðvörunarkerfi
Brunaviðvörunarkerfi mun verða í húsinu sem tengt er með símhringibúnaði í síma eiganda sem og varðstöð.

Neyðarlýsingar
Setja skal upp, ÚT–ljós, skv. uppdrætti, og neyðarlýsingu skv. gildandi reglum, leibeiningum og stöðlum. Reikna skal með 1 Lux neyðarlýsingu í flóttaleið.

Flóttaleiðir
Frá samkomusal er breið flóttaleið beint út, tvöföld útihurð. Einnig er fjöldi flóttaleiða yfir í aðliggjandi rými. Aukalega eru tvö björgunarop.
Frá alrými eru flóttaleiðir í aðliggjandi rými, Aukalega eru tvö björgunarop.
Hámarksfjöldi í rýminu öllu, er 180 manns og skal skilti vera við inngang sem tilgreinir hámarksfjölda. Flóttahurðir skulu búnar flóttaslám.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
13. ágú. 2020
Byggingarfulltrúi

## ANNAÐ

Einstakir byggingahlutar skulu fylla eftirfarandi U–gildi:
Gildir fyrir viðbyggingu, endurnýjun, sbr. ÍST 66:2016.
Krafa til einangrunar þaks víkur frá ákvæði byggingarreglugerðar (viðbygging við eldra mannvirki).

| Byggingarhluti | W/m² |
|---|---|
| Útveggir, trévirki | 0,21 (195 mm einangrun) |
| Þak, trévirki | 0,23 (180 mm einangrun), frávik |
| Gólf á fyllingu | 0,40 (75 mm plasteinangrun) |
| Gluggar (k–gler) | 2,00 (Tvöfalt K–gler) |
| Hurðir | 3,00 |

| | |
|---|---|
| ⟶ | Útgangur |
| ⟶ | Rýmingarleið |
| LR | Loftræsting |
| HS | Handslökkvitæki |
| NL | Neyðarljós |
| HB | Handboði fyrir brunastöð |
| BS | Brunastöð |
| ÚT | Útljós |
| GNS | Gegnumstreymisniðurfall |
| BO | Björgunarop |

20210002

## BYGGINGARLÝSING

Hér verið að skapa nýtt viðburðarými, í eldri útihúsum á bæjartorfu Eyvindartungu í Laugardal, Bláskógabyggð.
Þ.e. skemma, fjóshlaða, súrheysturn, fjós, haughús, hesthús og mjólkurhús fá nýtt hlutverk. Byggingarár frá 1938 til 1972.

Heildarflatarmál rýmis er í dag skv. Þjóðskrá, 306,2 m² en verður eftir stækkun um 352,9 m².

Áætlaður fjöldi gesta í viðburðarými er allt að 180 manns.

Helstu breytingar:
Útihúsum breytt í eitt stórt viðburðarými.
Jarðvegsskipti við hús, bílastæði, vegur færður lengra frá útihúsum til að minnka slysahættu.
Fjóshlaða stækkuð, lengd aftur, samhliða niðurrifi á bakvegg (jarðskjálftatjón) og á lágri mélgeymslu við fjós.
Haughús lengt aftur til að stækkunar á rými fyrir eldhús.

GÓLF: Ný járnbent gólfplata í móttöku, eldhúsi, samkomusal og alrými. Einangrað undir með 75 mm frauðplasti. Hitalögn í gólfi. Gólf hreinsuð og lökkuð.

VEGGIR: Eldri steinsteyptir útveggir einangraðir að utan með 50 mm veggull. Húsið verður klætt að utan með standandi aluzink klæðningu. Eldri klæðning að innan fjarlægð.
Útveggir viðbyggingar fjóshlöðu verða timburgrind T1 45x195 m/m 600 mm. Klæddir að utan með krossviði, pappa og standandi timbur klæðningu. Einangrun er þéttull, 195 mm. Grindin er klædd að innan með rakavarnadúki og spónaplötum.

Innveggir eru annaðhvort núverandi steyptir veggir, eða léttir innveggir, klæddir spónaplötum á timburgrind.

ÞAK:
Þak er lagt sperrum T1 45x195 mm m/m 600 mm. Einangrun er 180 mm þakull með vindpappa. Þar yfir 25 mm borðaklæðning. Þar ofan á er þakpappi og bárujárn. Neðan á sperrum er rakavarnardúkur, rafmagnsgrindarefni og eldþolinn dúkur er að lokum er klæddur með bandsöguðu efni með loftunarbili, sbr. hljóðvist.
Í eldri hluta húss, er hefur verið óeinangraður eða einangraður með torfi eru sperrur, 45x150, neðan á þær er skrúfað rafmagnsgrindarefni til að fá sama þversnið og viðbygging, lýsing hér að ofan á svo við einnig við um að það eldra rými.

Breytingar á útliti

Suðausturgafl: 5 gluggar á gafli síkkaðir, 4 björgunarop. Hurðargati í skemmu/móttöku lokað, útihurð.

Suðvesturgafl: Opnanleg fög í glugga á salerni. Nýr gluggi með opnanlegt fag í eldhúsi.

Norðausturgafl: Nýr gluggi og útihurð fyrir eldhús. Bakveggur fjóshlöðu endurnýjaður, viðbygging. Ný ásýnd, tvöföld útihurð, gluggar til hliðar og ofan hurðar. Gluggi í anddyri síkkaður, björgunarop.
Norðvesturgafl: Viðbygging, gluggaröð, 8 stk. Hlið anddyris óbreytt.

Almennt:
Öll innirými eru loftræst. Öll votrými eru með gólfniðurfalli. Helstu lagnaleiðir eru í og undir gólfum og í léttum veggjum. Rýmið er hitað bæði með gólfhita (móttaka, samkomusalur og alrými) sem og með þilofnum eða hitablásurum.

Hurðir og gluggakarmar eru úr timbri með tvöföldu verksmiðjugleri.

Neysluvatnslagnir verða rör í rör kerfi (AL–PEX).

Stór útstétt/timburpallur verður á útisvæði við norðvesturhlið viðburðarýmis, útfrá tvöfaldri útihurð samkomusals.

Starfsmannarými skv. vinnumhverfisvísi Vinnueftirlitsins

1:100 — 0 2000 4000 6000 8000 10000 mm

Hönnunarstjóri: Jón Snæbjörnsson

HÖNNUNARSTJÓRI:

BREYTINGAR

VERKHEITI
EYVINDARTUNGA
BLÁSKÓGABYGGÐ
VIÐBYGGING VIÐ ÚTIHÚS

VERKHLUTI
AÐALUPPDRÁTTUR
GRUNNMYND
---

| MÁL/BLAÐ | MATSHLUTI | DAGS. |
|---|---|---|
| 1:100/A2 | 01 | 04.11.2020 |
| HANNAÐ | TEIKNAÐ | YFIRFARIÐ: |
| JS | JS | BS |
| VERKNÚMER | TEIKNINGANÚMER | ÚTGÁFUNÚMER |
| 20.030 | 1.02 | 01 |

bj.snæ ARKITEKTAR
NAUSTAVÖR 20 - 200 KÓPAVOGUR - ÍSLAND
S 8961436 - bjarni@bjsnae.is - www.bjsnae.is
BJARNI SNÆBJÖRNSSON FAÍ 020753-4989
SAMÞ.

Öll afnot og afrit teikninga, að hluta eða heild, er háð samþykki höfunda, skv. ákvæðum höfundalaga.